

Fyrsti fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar, haldinn 22. ágúst 18 að Ásastíg kl 20.30. 1. Fundur kjörtímabilsins 2018 – 2022.

Mættir til fundar: Guðríður Eva Þórarinnisdóttir formaður, Sigfríð Lárusdóttir og Heimir Sigurðsson. Bogi Pétur Eiríksson, Hrund Pálsdóttir og Jónína Sif Harðardóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

- 1. Kjósa ritatara nefndar**
- 2. Fara yfir störf nefndarinnar**
- 3. Erindi frá starfsfólki flúðaskóla**
- 4. Önnur mál**

1. Guðríður leggur til að Sigfríð sé ritari nefndarinnar og það er einhljóða samþykkt.

2. Guðríður kynnir fyrir nefndarmönnum umsýslu nefndarinnar.

- Nefndin fer með lýðheilsu og æskulýðsmál sveitafélagsins ásamt málum félagsmiðstöðvarinnar Zero.
- Þurfum að funda með forstöðumönnum félagsmiðstöðvarinnar Zero til að finna 6 einstaklinga í ungmennaráð, 3 aðalmenn og 3 til vara. Fara yfir starfsáætlun félagsmiðstöðvarinnar. Áætlað að funda innan tveggja vikna.
- Þurfum að funda með Árna Þór Hilmarssyni forstöðumanni íþróttamannvirkja og íþróttatómstundafulltrúa til að fá kynningu á störfum vetrarins. Guðríður leggur til að ræða þurfi hugsanlegar breytingar á opnunartíma sundlaugar og tækjasals með tilliti til bættrar þjónstu við íbúa sveitafélagsins, nefndin samþykkir. Áætlað að funda innan tveggja vikna.

3. Starfsfólk Flúðaskóla óskar eftir niðurgreiðslur í sund og tækjasal eða komið verði á fót hvatagreiðslum fyrir starfsfólk sveitarfélagsins. Nefndin er sammála um að allir íbúar sveitafélagsins séu undir sama hatti hvað líðheilsu varðar og leggur til að þetta erindi verði skoðað samhliða verkefninu heilsueflandi sveitarfélag.

4. Sigfríð leggur verkefnið Hrunamannahreppur sem heilsueflandi samfélag fyrir nefndina. Nefndin leggur til að sveitastjórn samþykki verkefnið og fari í undirbuningsvinnu fyrir það verkefni og taki tillit til þess í fjárhagsáætlun. Nefndin mun senda inn grófa kostnaðaráætlun síðar í auka skjali. Dæmi um samning að þessu tagi sem sveitafélagið gerir við embætti landlækniss mun einnig koma í auka skjali.

Í Heilsueflandi samfélagi er heilsa og líðan allra íbúa í fyrirrúmi í allri stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum og allir gearar hafa hlutverk. Íslenska ríkið hefur skrifað undir heimsmarkmiðin 18 þar sem heilsa og vellíðan er þriðja markmiðið. Þessi heimsmarkmið eiga að nást fyrir árið 2030. Íslenska ríkið hefur einsett sér að bæjar- og sveitarfélög taki þátt í verkefninu heilsueflandi samfélag til að þau leggja sitt að mörkum.

Til stuðnings leggjum við svar við spurningum okkar varðandi verkefnið frá Gígu Gunnarsdóttir verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags hjá landlækni.

1 – Hversu hátt sarfshlutfall er áætlað að verkefnastjóri sé ráðin í og hveru mikill kostnaður er fyrir sveitafélagið ?

Það er undir hverju og einu sveitafélagi komið hversu mikið starfshlutfall er helgað þessu starfi. Reynslan frá öðrum sveitarfélögum sýnir að það er mikilvægt, sérstaklega í upphafi starfsins, að verkefnisstjóri bæti þessari vinnu ekki ofan á allt sem fyrir er heldur fái viðeigandi svigrúm til að koma starfi stýrihópsins í gang, vinna þarfagreiningu og fyrstu aðgerðaáætlun. Sveitarfélög greiða ekki fyrir þátttöku í HSAM og það er undir hverju og einu þeirra komið hvað þau eru reiðubúin að setja mikið fjármagn og önnur aðföng í þessa vinnu.

2. Verkefnalisti yfir verkefnið Heilsueflandi samfélag.

Á umsóknareyðublaðinu kemur fram hvað þarf að gera áður en sótt er um, sjá hér:

<https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item29671/umsoknareydublad.docx>

Meðfylgjandi eru drög að samningnum/samkomulaginu sem undirritað er vegna HSAM, þar koma fram þau atriði sem sveitarfélagið einsetur sér að uppfylla.

Markmið HSAM er fyrst og fremst að gera sitt besta í að styðja sveitarfélög í þeirri vegferð að vinna að vellíðan allra íbúa sinna. Hvert og eitt sveitarfélag vinnur þetta á sínum hraða í samræmi við aðstæður hverju sinni.

3. Áætlaður tími við innleiðingu verkefnisins.

Starfið er langhlaup og æskilegt að það sé í stöðugri endurskoðun. Ekki er óeðlilegt að gefa sér amk 1 ár í undirbúning fyrir innleiðingu aðgerða þ.e. klára skref 1-3 í hringnum hér að neðan.

4. Hvað þarf sveitarfélagið að undirbúa áður en lagt er af stað í verkefnið ?

Áður en umsóknin er send þarf efirfarandi sbr. umsóknareyðublaðið:

1. Samþykkt sveitarstjórnar um að gerast Heilsueflandi samfélag.
2. Skipa eða í það minnsta leggja grunninn að skipun stýrihóps fyrir starfið þ.e. kanna áhuga lykilhagaðila á samstarfi sbr. umsóknareyðublaðið.
3. Tilnefna tengilið við embætti landlækniss.


Í framhaldinu finnum við í sameiningu tíma sem hentar fyrir undirskrift samstarfssamningsins.

Landlæknir skrifar undir samninginn fyrir hönd Embættis landlæknis.

Fyrstu skrefin í starfinu eru að koma starfi stýrihópsins í gang, gera þarfagreiningu þ.e. safna saman þeim gögnum sem eru til um heilsu, líðan og heilsutengda hegðun íbúa á öllum æviskeiðum og kortleggja hvaða stefnur og starf er þegar til staðar (líður 1 í hringnum).

Markvisst lýðheilsustarf

1. **Skipa stýrihóp**, tryggja aðkomu lykilhagsmunaaðila. Tengiliður við EL
2. **Umsókn**: undirskrift bæjar-/sveitastjóra
3. **Vinna markvisst að heilsueflingu í samfélaginu**, frá gögnum til aðgerða:



1. Stöðumat – 5. Mat á framvindu

Hvað á að skoða/meta?

- Lýðheilsuvísar
- Aðrir mælikvarðar EL
- Gátlistar HSAM
- Sérþarfir samfélags
- Ferilmat (gangur starfsins)

Hvaða gögn eru í boði?

Frá hverjum?

Hvernig?

5. Fundi slitið 23.00